

**Sp.**

**227. Nefndarálit**

**[42. mál]**

um framlög til flótabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa, eins og venja er, unnið saman að undirbúningi tillagna um framlög til flóabáta og vöruflutninga. Nefndin hefur notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Auknar og bætтар samgöngur á sjó og landi eru mikilsverðar til að tryggja strjálbýlinu betri og öruggari efnahagslega afkomu. Á Alþingi hefur ávallt verið einhugur meðal þingmanna um eðlileg framlög á fjárlögum til að tryggja þessa þjónustu við strjálbýlið.

Þar sem vitað er, að ýmsar rekstrarvörur flóabáta, svo sem olíur, vélahlutir o. fl., hljóta óhjákvæmilega að hækka verulega á þessu ári, er það sameiginlegt álit nefndarinnar, að ekki verði hjá því komizt að koma til móts við eigendur bátanna með því að hækka framlögin á fjárlögum yfirstandandi árs að nokkru frá því, sem þau voru á s. l. ári.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

#### **Norðurlandssamgöngur:**

Með hliðsjón af því, að nýtt og vandað skip, „Drangur“, hefur verið byggt fyrir Norðurland, er nefndin sammála um að mæla með því, að framlag til skipsins verði hækkað úr 450 þús. kr. í 660 þús. kr. Hafa hafnir á Norðurlandi fengið betri og öruggari þjónustu með nýja „Drang“.

Nefndin leggur til, að framlag til Strandabáts verði hækkað úr 100 þús. kr. í 160 þús. kr. með hliðsjón af því, að nú er fyrirhugað, að rekstartími bátsins verði á þessu ári allt að 8 mánuðir, í stað 4 mánaða á undanförunum árum.

Enn fremur leggur nefndin til, að framlag til Haganesvíkurbáts verði hækkað úr 7 þús. kr. í 8500 kr., að framlag til Hríseyjarbáts hækki úr 25 þús. kr. í 30 þús. kr. og til Flateyjarbáts á Skjálfanda úr 40 þús. kr. í 48 þús. kr.

#### **Austfjarðasamgöngur:**

Lagt er til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkað úr 35 þús. kr. í 42 þús. kr. — og framlag til Mjóafjarðarbáts úr 87 þús. kr. í 90 þús. kr. — og þá ráð fyrir gert, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og á s. l. ári.

#### **Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:**

Nefndin leggur til, að framlög vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði hækkað úr 225 þús. kr. í 270 þús. kr. — og framlög vegna vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu hækki úr 100 þús. kr. í 120 þús. kr.

Á síðasta árs fjárlögum var veitt til Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbáts 400 þús. kr. framlag úr ríkissjóði, sem aðallega byggðist á þörfinni fyrir mjólkurflutninga til Vestmannaeyja. Skipaútgerð ríkisins hefur frá því í des. s. l. tekið að sér flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur með hinu nýja skipi sínu, „Herjólf“ og annast þá jafnframt alla mjólkurflutninga fyrir Vestmanneyinga. Nefndin hefur fallið á að mæla með því, að veittar verði 150 þús. kr. á þessu ári til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga.

#### **Faxaflóasamgöngur:**

Skallagrímur h/f naut framlags úr ríkissjóði á s. l. ári, að fjárhæð 650 þús. kr., vegna ferða „Akraborgar“. Nefndin leggur til, að rekstrarframlagið verði hækkað í 850 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að Mýrabát verði veitt framlag á þessu ári, að fjárhæð 4500 kr. í stað 3600 kr., sem báturinn fékk á s. l. ári.

#### **Breiðafjarðarsamgöngur:**

Flateyjarbátur fékk á s. l. ári rekstrarframlag, að fjárhæð 170 þús. kr., og auk þess 65 þús. kr. vegna viðgerðar á bátnum (fyrri greiðsla). Nefndin leggur til, að rekstrarframlagið verði hækkað í 200 þús. kr., en af upphæðinni sé varið 20 þús. kr. til snjóbílsferða milli Fjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Þá verði seinni greiðslan, 65 þús. kr., vegna viðgerðar á bátnum innt af hendi.

Stykkishólmsbátur naut á s. l. ári 500 þús. kr. rekstrarframlags og auk þess 75 þús. kr. upp í viðgerðarkostnað á bátnum. Nefndin leggur til, að rekstrarframlag bátsins á þessu ári verði ákveðið 660 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að framlag til Langeyjarnesbáts verði hækkað úr 25 þús. kr. í 30 þús. kr. og auk þess verði eiganda bátsins veitt 20 þús. kr. framlag vegna vélakaupa og til endurbyggingar á bátnum.

### Vestfjarðasamgöngur:

Veitt var til Djúpbátsins 560 þús. kr. framlag á fjárlögum s. l. árs. Leggur nefndin til, að framlagið verði hækkað í 660 þús. kr. á þessu ári.

Þá leggur nefndin til, að sama framlag og greitt var á s. l. ári, 10 þús. kr., verði greitt á þessu ári til Arnarfjarðarbáts og Dýrafjarðarbáts. Framlag til Patreksfjarðarbáts hækki úr 3 þús. kr. í 3500 kr.

Nefndin leggur til, að þeir aðilar, sem hljóta véla-, viðgerða- eða byggingarstyrki, skuli skuldbinda sig til að taka ekki viðkomandi skip úr siglingum þeim, sem það er styrkt til, næstu fimm ár, nema styrkurinn verði endurgreiddur.

Samkvæmt framangreindum tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild kr. 4091500.00. Er það kr. 485900 hærri upphæð en greidd var í þessu skyni á fjárlögum s. l. árs.

Nefndin leggur til, að fjárhæðin skiptist eins og hér segir:

Norðurlandsbátur .....	kr.	660000.00
Strandabátur .....	—	160000.00
Haganesvíkurbátur .....	—	8500.00
Hriseyjarbátur .....	—	30000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda .....	—	48000.00
Loðmundarfjarðarbátur .....	—	42000.00
Mjóafjarðarbátur .....	—	90000.00
Vöruflutningar á Suðurlandi .....	—	270000.00
Til bátaferða í A.-Skafafellssýslu og til vöruflutninga til Öræfa .....	—	120000.00
Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga .....	—	150000.00
H/f Skallágrimur — „Akraborg“ .....	—	850000.00
Mýrabátur .....	—	4500.00
Flateyjarbátur á Breiðafirði .....	—	200000.00
Sami, vegna viðgerðar (siðari greiðsla) .....	—	65000.00
Stykkishólmsbátur .....	—	660000.00
Langeyjarnesbátur .....	—	30000.00
Sami, vegna vélakaupa og endurbyggingar báts .....	—	20000.00
Djúpbátur .....	kr.	660000.00
Dýrafjarðarbátur .....	—	10000.00
Arnarfjarðarbátur .....	—	10000.00
Patreksfjarðarbátur .....	—	3500.00

Samtals kr. 4091500.00

Alþingi, 22. marz 1960.

Sigurður Ágústsson,  
form. Nd.-nefndar, frsm.

Jón Þorsteinsson,  
form. Ed.-nefndar.

Benedikt Gröndal,  
fundaskr. Nd.-nefndar.

Jón Arnason,  
fundaskr. Ed.-nefndar.

Einar Sigurðsson.  
Ásmundur Sigurðsson.

Bjartmar Guðmundsson.  
Sigurvin Einarsson.

Björn Pálsson.  
Ólafur Jóhannesson.